

## Skólareglur – skólaviðmið Höfðaskóla

Skólareglur, viðurlög og verkferlar við brotum á þeim taka mið af lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í 14. grein þeirra laga stendur m.a.: „Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.“

### Skólareglur Höfðaskóla í stuttu máli:

- Við sýnum hvert öðru virðingu, tillitssemi og kurteisi.
- Við mætum stundvíslega og vel undirbúin í allar kennslustundir.
- Í skólastofunni á að ríkja vinnufriður.
- Við göngum snyrtilega um skólann og skólalóðina.
- Við berum ábyrgð á eigin hegðun.

### Nánari útfærsla – Lengri útgáfan.

- ✚ Við mætum stundvíslega í skólann. Forráðamenn tilkynna veikindi eins fljótt og kostur er. Sækja þarf tímanlega um leyfi nemenda.
- ✚ Sérhverjum nemanda ber að taka tillit til annarra og virða vinnufrið í kennslustundum.
- ✚ Nám er vinna. Nemendum ber að leitast við að standa við námsáætlanir sem fyrir hafa verið settar og mæta með öll gögn í kennslustundir.
- ✚ Samskipti allra þeirra er að skólanum koma skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- ✚ Nemendur hlíta fyrirmælum skólastjórnenda, kennara og annars starfsfólks skólans í öllu því sem að skólanum lýtur.
- ✚ Við göngum vel um bæði úti og inni og förum vel með eigur skólans, eigin eigur sem og annarra.
- ✚ Nemendur skulu ekki koma með eldfæri, hnífa eða annað sem getur valdið skaða eða skemmdum.
- ✚ Nemendur bera ábyrgð á því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsmanna eða annarra nemenda.
- ✚ Við göngum frá yfirhöfnum og útiskóm á viðeigandi stað og skiljum ekki verðmæti eftir í vösum. Við berum sjálf ábyrgð á þeim fjármunum eða verðmætum sem við komum með í skólann. Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum né fjármunum.
- ✚ Á skólatíma skulu nemendur vera í eða við skóla. Sérstakt leyfi þarf til að mega yfirgefa skólalóð á skólatíma.
- ✚ Notkun snjalltækja í tímum er háð leyfi kennara og í samræmi við **snjalltækjasamning** sem gerður hefur verið við nemendur og foreldra.
- ✚ Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er alltaf stranglega bönnuð í og við skóla sem og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
- ✚ Umsjónarkennarar setja frekari reglur um umgengni og almenn samskipti í samráði við nemendur sína og vinna með þeim eigin bekkjarreglur.

- ✚ Í ferðum á vegum skólans hvort heldur er í skólabíl eða á skólaferðalögum ber nemendum að sitja með beltin spennit og fara eftir tilmælum bílstjóra er varðar hegðun og umgengni.
- ✚ Þegar nemendur sýna óæskilega hegðun er reynt eftir fremsta megni að leiðrétta þá hegðun. Beri það ekki árangur fer ákveðið agaverli af stað. Forráðamenn eru ætíð upplýstir um gang mála og leitast er við að vinna í samráði við þá.

## Viðurlög við brotum

- ❖ **Mætingar.** Ef umsjónarkennari telur fjarvistir óeðlilegar leitar hann skýringa hjá forráðamönnum. Ef óeðlilegar fjarvistir halda áfram, boðar umsjónarkennari forráðamenn á fund til að ræða alvarleika málsins. Dugi það ekki, er málinu vísað til skólastjóra sem boðar forráðamenn á sinn fund þar sem farið er yfir hver næstu skref séu verði ekki breyting á. Að lokum, ef engin breyting verður, er málinu vísað til nemendaverndarráðs sem eftir atvikum vísar áfram til barnaverndar.
- ❖ **Agabrot.** Sama vinnuferli viðhaft við agabrotum öðrum en ofbeldisbrotum (líkamlegum sem og andlegum) en þau meðhöndlast sérstaklega með tilliti til alvarleika brotsins. Ef vísa þarf nemanda tímabundið úr skóla er farið eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.
- ❖ **Meðferð við ofbeldisbrotum.** Geranda er vísað heim ef um gróft líkamlegt ofbeldi er að ræða. Fundur með forráðamönnum, nemanda, umsjónarkennar, skólastjórnendum strax daginn eftir. Ef vísa þarf nemanda endurtekið heim fyrir ofbeldisbrot er málinu vísað til nemendaverndarráðs og eftir atvikum til barnaverndar.

Forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og beitingu viðurlaga. Ávallt skal leitast við að vinna í samráði við forráðamenn nemenda um úrlausn mála.